

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 1. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0040
LA

Efni: Nýtt deiliskipulag fyrir bílastæði og þjónustuhús við Neðri-Hveradali, Kerlingarfjöll

Vísað er í tölvupóst dags. 15. maí 2023, frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir bílastæði og þjónustuhús við Neðri Hveradali í Kerlingarfjöllum.

Fram kemur að skipulagssvæðið sé unnið á grunni gildandi skipulags frá 2014 og friðlýsingar Kerlingarfjalla um landslagsverndarsvæði frá árinu 2020. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem staðfest var af Skipulagsstofnun í desember 2017 kemur fram að gert er ráð fyrir endurbyggingu og stækkun skála við fjallaselin Kastala/Keis (AF13) við Hveradali, en staðsetning þeirra er ekki sýnd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins. Fjallaselin Kastali/Keis koma ekki heldur fram í skýrslu Skipulagsstofnunar frá 2018 um Mannvirki á miðhálandinu, Framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Í friðlýsingu Kerlingarfjalla eru Efri-Hveradalir innan svæðis II, en það er svæði sem vernda þarf sérstaklega vegna viðkvæmni, sérstöðu eða af öryggissjónarmiðum. Um svæði II eru settar sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun (feitletrun NÍ):

- Á svæðinu er aðeins heimilt að leggja nýjar gönguleiðir og reisa ný mannvirki í tengslum við þær, s.s. göngubrýr og útsýnispalla, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps, sbr. 1. mgr. og í samræmi við deiliskipulag. **Aðrar framkvæmdir eru óheimilar.**
- Við veitingu leyfis skal setja skilyrði um að mannvirki skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að svipmóti lands.

Kerlingarfjöll eru innan þjóðlendu þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og í 1. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendu stendur: *Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.*

Í deiliskipulagslýsingu er vitnað í 5. gr. laga um þjóðlendu, er fjallar um að halda þeim rétti er varðar nýtingu lands innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfenað eða önnur hefðbundin nýting sem afréttareign fylgir. Náttúrufræðistofnun telur vafamál að þessi grein eigi við um innviðaupbyggingu ferðamannastaða.

Skipulagssvæðið er um 1,6 ha að stærð og áformað er að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með vatnssalernum, en enn er óvissa með staðsetningu vatnsbóls fyrir þjónustuhúsið. Þá stendur til að stækka núverandi bílastæði við Hveradali í þremur áföngum og að heildar fjöldi bílastæða geti verið 84 og að auki tvö stæði fyrir rútur. Bílastæðin verða staðsett upp á hrygg úr líparíti



eða ummynduðu líparíti, í um 980 m h.y.s. Fram kemur að „afvatna“ þarf bílastæðin og að undir þeim verði vel þjöppuð og frostfrí fylling. Þá er talað um að koma fyrir malarpúðum við þjónustuhús til að taka við yfirborðsvatni. Náttúrufræðistofnun leggur þann skilning í lýsingu framkvæmda að um jarðvegsskipti sé að ræða. Þar að auki á að reisa 0,5-1 metra háar manir til að draga úr sýnileika bílastæðisins. Ekki er minnst á efnisnámur í tengslum við framkvæmdir. Ekki eru skoðaðir aðrir valkostir í deiliskipulagslýsingu er varða uppbyggingu við Hveradali.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í auglýsingu um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum kemur skýrt fram í 1. mgr. 2. gr. um markmið friðlýsingarinnar:

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd sbr. 3. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landlagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla jarðminjum, landslagi og ásýnd þess.

Náttúrufræðistofnun metur að fyrirhugaðar framkvæmdir við þjónustuhús, vatnsból og bílastæði muni hafa verulega neikvæð áhrif á jarðminjar og landslag friðlýsta svæðisins og að þær séu ekki í samræmi við núgildandi aðalskipulag, friðlýsingarskilmála, né heldur lög um náttúruvernd eða þjóðlendur.

Uppbygging bílastæða og þjónustuhúss munu hafa verulegt rask í för með sér og breyta ásýnd svæðisins. Ekki kemur fram hvert sækja á jarðefni til framkvæmda. Mikilvægar rannsóknir eða þarfagreiningu vantar til að styðja við fyrirhugaða uppbyggingu í tengslum við ferðamenn og hvaða afleiðingar þær gætu haft í för með sér á verndargildi svæðisins.

Náttúrufræðistofnun telur að horfa þurfi heildstætt á svæðið með tillit til þjónustu við ferðamenn og að hún sé skipulögð út frá þarfagreiningu, en fyrst og fremst með tilliti til verndargildi svæðisins. Til að stýra ferðamönnum mætti skoða þann möguleika að stöðva umferð einkabíla á háannatíma og flytja ferðamenn með hópferðabílum inn að Hveradöllum. Stofnunin telur ekki ástæðu til að byggja upp ferðaþjónustu bæði við Hveradali og við fjallaselið Kastala eins og fram kemur í aðalskipulagi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur
Svið Náttúruverndar

